

## 46. fundur háskólaráðs Háskólans á Hólum, settur heima að Hólum hinn 8. september 2015, kl. 14:06.

Mætt voru:

Á Hólum: Erla Björk Örnólfsdóttir rektor, Bjarni K. Kristjánsson, Jón E. Friðriksson og Sveinn Ragnarsson. Í fjarfundi frá Keldnaholti: Katrín Sigurðardóttir. Í síma: Helgi Sigurðsson. Emma Eyþórsdóttir boðaði forföll. Hjördís Gísladóttir ritaði fundargerð.

Erla Björk setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hún stýrði fundi, sem hófst með framlagningu dagskrár til samþykktar, og síðan fundargerðar 45. fundar, til undirritunar.

Dagskrá:

### 1. Áherslur Háskólans á Hólum í stefnumótun háskólamála á Íslandi til framtíðar.

Skólanum er heimilt að leggja ráðuneytinu fram sínar áherslur, í ekki fleiri liðum en fimm, fyrir 10. sept nk. Málið hefur verið tekið til umræðu í framkvæmdaráði tvisvar, og EBÖ skýrði niðurstöður þeirra umræðna.

Til máls tóku KS, BKK, JEF og EBÖ.

Skjalið tók nokkrum breytingum, sem EBÖ mun ganga frá og bera síðan undir háskólaráð í tölvupósti, áður en hún skilar því til ráðuneytisins fyrir tilskilin tímamörk.

Skjalið verði birt sem viðauki við þessa fundargerð.

### 2. Staða vinnu starfshóps um háskóla í NV-kjördæmi.

EBÖ rakti feril vinnu starfshópsins, sem og sinnar og annarra í tengslum við viðfangsefnið, undanfarna mánuði. Og lauk máli sínu með að lýsa stöðunni eins og hún sér hana í dag, sem er að Háskólinn á Hólum sé enn í lausu lofti.

Fra kom að Sveitarfélagið Skagafjörður hefur ekki enn tekið afstöðu til skýrsludraga þeirra sem liggja nú fyrir.

Töluverðar umræður spunnust, og í þeim tóku til máls, auk EBÖ: JEF, BKK, SR og KS.

Öll voru sammála áðurnefndri niðurstöðu. Verið sé markvisst að grafa undan starfi skólans og kúga hann til hlýðni. BKK vakti sérstaka athygli á tölum í fjárlagafrumvarpi, sem lagt var fram fyrr í dag. Þar hrökkvi hækkun framlaga til skólans ekki fyrir umsömdum laukahækkunum, hvað þá annað. JEF kallaði eftir ábyrgð stjórnámálanna, stefnu varðandi framtíð byggðar á svæðinu og SR vitnaði í því sambandi til nokkuð sambærilegs dæmis í Svíþjóð.

(Helgi vék af fundi kl. 14:50).

Bent var á að skólinn hefði þegar lagt fram áætlun um, hvernig snúa megi vörn í sókn. Sameiginleg niðurstaða: Kalla þarf stjórnámálamennina til, sveitarstjórnina fyrst og síðan Alþingismenn kjördæmisins. Þetta þarf að gerast sem fyrst. EBÖ tekur saman efni til kynningar.

### 3. Önnur mál.

- a. EBÖ lagði fram skjal með reglum og viðmiðum um framgang reiðkennara, sem viðauka við fyrirliggjandi reglur um framgang akademískra starfsmanna.

Unnar af starfshópi skipuðum Bjarna K. Kristjánssyni, Sveini Ragnarssyni og Helga Þór Thorarensen, fyrir hönd Háskólans á Hólum, og Áslaugu Helgadóttur f.h. Landbúnaðarháskóla Íslands.

SR skýrði reglurnar og að hópurinn hefði m.a. kynnt sér sambærilegar sérreglur við LHÍ og SLU.

Háskólaráð þarf að samþykkja þær, áður en þær eru felldar inn í núgildandi regluramma. Að því loknu þarf ráðið að samþykkja heildarrammann, eins og hann kemur til með að líta út.

Háskóalráðsmenn fá tækifæri til að kynna sér reglurnar betur, áður en þeir gefa samþykki sitt (eða, eftir atvikum, ekki) með tölvupósti.

- b. EBÖ skýrði frá því að hún hefði óskað eftir fundi í ráðuneytinu, út af gæðamálum. Nánar til tekið vegna þess að gæðamál skólans heyrðu nú beint undir ráðuneytið en ekki gæðaráð háskóla, í kjölfar bréfs sem ráðið skrifaði eftir heimsókn hingað í júní.

Tilgangur fundarins er fyrst og fremst til upplýsingar, á báða bóga.

Fleria ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 15:26.